

## Fundargerð 535

Miðvikudaginn 17. apríl 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman í félagsheimilinu í Bolungarvík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SP) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs - til afgreiðslu
2. Samkomulag við EIF - til afgreiðslu
3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
4. Upplýsingatafla um stöðu mála í Grindavík - til kynningar
5. Starfsemi banka í ríkiseigu í landsbyggðunum - til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2024 sem EHP kynnti. Eru allar áhættur innan þeirra marka sem settar eru í áhættustefnu

Til máls tóku ÓH, HP, MaH og HÁ.

Formaður bar skýrsluna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Samkomulag við EIF - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og lögfræðisviðs um samning við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) auk minnisblaðs um breytingar eða nýja lánaflokka samhliða aðild að InvestEU ábyrgðakerfi EIF, yfirlit um lánaflokka og drög að samningi við EIF um aðild Byggðastofnunar að InvestEU ábyrgðakerfinu sem HP og AME kynntu.

Vísað er til framlagðs minnisblaðs um helstu atriði samningsins.

Lagt er til að stjórn veiti forstjóra heimild til að undirrita fyrirbyggjandi samning við EIF um aðild að InvestEU ábyrgðakerfinu fyrir hönd Byggðastofnunar.

Til máls tók MaH.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Í framhaldi af samþykkt og undirritun á ofangreindum samningi við EIF er lagt til að kjör og skilmálar lána sem veitt verða innan ábyrgðakerfis EIF verði sem hér segir:

- *Lán til kynslóðaskipta í landbúnaði*
  - Veðsetningarhlutfall: 80-90% í fasteignum/lóðum/jörðum.
  - Vaxtakjör: vtrr. 4,5% eða óverðtryggt REIBOR +2,5%
  - Lántökugjald: 1,2%
  - Lánstími: allt að 40 ár
- *Lán til brothættra byggðarlaga*
  - Veðsetningarhlutfall: 80-90% í fasteignum/lóðum/jörðum.
  - Vaxtakjör: vtrr. 4,5% eða óverðtryggt REIBOR +2,5%
  - Lántökugjald: 1,8%
  - Lánstími: allt að 25 ár
- *Lán til fiskvinnslu/útgerðar í viðkvæmum sjávarplássum*
  - Veðsetningarhlutfall: 80-90% í fasteignum, 60-75% í vélum og tækjum og 60-75% í verðmæti skipa með kvóta.
  - Vaxtakjör:
    - Skip með kvóta: vtrr. 4,8% / REIBOR +3,5% / ESTR +3,5%
    - Fasteignir eða vélar og tæki: vtrr. 5,5% / REIBOR +4,0% / ESTR +4,5%.
  - Lántökugjald: 1,8%
  - Lánstími: allt að 25 ár ef veð í vinnsluhúsnæði en 15 ár með veði í tækjabúnaði og skipum.
- *Lán til atvinnureksturs kvenna*
  - Lánsfjárhæð: 1-10 m.kr.
  - Veðsetningarhlutfall:
    - Lán undir 5 m.kr.: án trygginga
    - 5-10 m.kr.: skv. almennum veðareglum
  - Vaxtakjör: vtrr. 4,8% eða óverðtryggt REIBOR +3,0%
  - Lántökugjald: 1,8%
  - Lánstími: allt að 10 ár
- *Græn lán*
  - Veðsetningarhlutfall: 80-90% í fasteignum/lóðum/jörðum og 60-75% af verðmæti véla og tækja.
  - Vaxtakjör: vtrr. 4,8% eða óverðtryggt REIBOR +3,0%
  - Lántökugjald: 1,2%
  - Lánstími: allt að 25 ár
- *Nýsköpunarlán*

Flokknum verður skipt upp í þrjá hluta. Ræsing á við þegar verkefni er að fara af stað og er byggt á núverandi lánaflokki undir COSME. Uppskölun er þegar upphafsferlið eða ræsing hefur átt sér stað og framleiðsla á vöru eða þjónustu er hafin, reynsla komin á reksturinn og verkefnið lífvænlegt. Þá er boðið upp á lán til markaðssetningar en það er hugsað til að fara í frekari markaðssetningu á vörunni eða þjónustunni. Hver undirflokkur nýsköpunarlána er sjálfstæður.

  - Ræsing
    - Lánsfjárhæð: hámark 10 m.kr.
    - Veð í hugmynd/vörumerki/vöru/þjónustu auk 50% sjálfskuldarábyrgðar forsvarsmanna
    - Vaxtakjör: vtrr. 4,8% eða óverðtryggt REIBOR +3,5%

- Lántökugjald: 1,8%
- Lánstími: allt að 7 ár
- Uppsköpun
  - Lánsfjárhæð: hámark 10 m.kr.
  - Veð í vörumerki/vöru/þjónustu/tækjum auk 50% sjálfskuldar-ábyrgðar forsvarsmanna
  - Vaxtakjör: vttr. 4,5% eða óverðtryggt REIBOR +3,0%
  - Lántökugjald: 1,8%
  - Lánstími: allt að 10 ár
- Markaðssetning
  - Lánsfjárhæð: hámark 3 m.kr.
  - Án trygginga
  - Vaxtakjör: óverðtryggt REIBOR +4,0%
  - Lántökugjald: 1,8%
  - Lánstími: allt að 3 ár

EIF gerir kröfu um 80% lágmarks veðsetningahlutfall í fasteignum og 60% í vélum og tækjum.

Lagt er til að allir lánaflokkar verði jafnframt í boði í samræmi við almennar veðakröfur stofnunarinnar séu lánsbeiðnir lægri en ofangreind veðsetningarhlutföll og þá án ábyrgðar EIF.

Þeir flokkar sem undir þetta falla eru lán til kynslóðaskipta í landbúnaði, lán til brothættra byggða, græn lán og lán til fiskvinnslu/útgerðar í viðkvæmum sjávarplássum.

Lagt er til að breytingar og nýir lánaflokkar miðað við ofangreint og meðfylgjandi viðauka taki gildi við undirritun sammings við EIF um aðild að InvestEU ábyrgðakerfinu.

Til máls tóku SÞ, AME, RÞG og HB.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

### 3. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. mars sl. sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku KB, SÁ, ÓH, HB, AME og HKH.

### 4. Upplýsingatafla um stöðu mála í Grindavík - til kynningar

SÁ og KB kynntu vinnu sem er í gangi og stöðu mála í Grindavík vegna þeirra náttúruhamfara sem þar ganga yfir.

Til máls tóku MaH, SÞ og HKH.

### 5. Starfsemi banka í ríkiseigu í landsbyggðunum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra sem AME kynnti með samantektum um starfsemi banka í landsbyggðunum vegna fyrirspurnar sem lögð var fram á stjórnarfund 5. október 2023.

Til máls tóku RÞG, ÓH og HB.

Forstjóri mun óska eftir fundi með bönkunum og Bankasýslu ríkisins og mun kalla eftir nánari upplýsingum.

## 6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánaákvarðanir lánanefndar og fundargerðir nefndarinnar nr. 14/24-17/24 sem HP reifaði.

Til máls tóku KB, SP, AME og RÞG.

## 7. Önnur mál

### *Aflamark Byggðastofnunar*

AME upplýsti um stöðuna á úthlutun aflamarks Byggðastofnunar. Ný reglugerð um aflamarkið liggur ekki fyrir sem hefur leitt til frestunar á gangi verkefnisins.

### *Sundabraut*

HB ræddi um matsáætlun fyrir Sundabraut og neikvæð álit Skipulagsstofnunar á byggðaarhrifum framkvæmda fyrir höfuðborgarsvæðið.

Til máls tóku KB, ÓH SEP.

## 8. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn af nýrri stjórn.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 10:51.

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson